

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 4. júní 1974

um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga og milliliða til að veita þjónustu á sviði verslunar með og dreifingar á eiturefnum

(74/557/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

starfsemi:

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. og 3. mgr. 54. gr. og 2. og 3. mgr. 63. gr.,

— þegar um er að ræða starfsemi milliliða í heildsölu á sviði verslunar, iðnaðar og handverks, fyrir lok annars árs annars áfanga,

með hliðsjón af hinu almennu áætlun um afnám hafta á staðfesturétti <sup>(1)</sup>, einkum A- og C-hluta IV. bólkis,

— þegar um er að ræða starfsemi á sviði smásölu, eftir lok annars árs annars áfanga aðlögunartímans og fyrir lok annars áfanga.

með hliðsjón af hinu almennu áætlun um afnám hafta á rétti til þjónustustarfsemi <sup>(2)</sup>, einkum C-hluta V. bólkis,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/223/EBE <sup>(3)</sup> frá 25. febrúar 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónusta vegna starfsemi á sviði heildsölu,

Tilskipanir 64/223/EBE, 64/224/EBE og 68/363/EBE gilda ekki um eiturefni, þau lúta lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna vegna sérvandamála sem tengjast verndun almannaheilbrigðis.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/224/EBE <sup>(4)</sup> frá 25. febrúar 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu vegna starfsemi milliliða á sviði verslunar, iðnaðar og handverks,

Fyrirnefndar tilskipanir 64/223/EBE og 68/363/EBE taka heldur ekki til starfsemi á sviði heildsölu, umboðssölu og smásölu með lifandi smitefni. Auk þess sem lifandi smitefni eru flokkuð sem lyf fyrir menn og dýr samkvæmt skilningi tilskipunar ráðsins 65/65/EBE <sup>(8)</sup> frá 26. janúar 1965 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnslufyrirmælum um sérlyf, eins og henni var breytt með tilskipun 66/454/EBE <sup>(9)</sup>, skulu einungis lifandi smitefni sem nefnast „lífræn varnarefni til notkunar í landbúnaði“ falla undir fyrirnefnda starfsemi. Af þeim sökum er hægt, þegar um er að ræða lifandi smitefni, að takmarka staðfesturétt og rétt til þjónustustarfsemi við verslun og dreifingu slíkra varnarefna.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 68/363/EBE <sup>(5)</sup> frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði smásöluverslunar,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(6)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(7)</sup>,

Komið hefur í ljós að það er bæði æskilegt og tímabært að grípa til ráðstafana til þess að samræma innan bandalagsins ráðstafanir þær sem greint er frá í tveimur síðasttöldum málsgreinum þegar haft er í huga hve hættuleg eiturefni geta verið heilbrigði manna, dýra og plantna, hvort heldur um er að ræða bein áhrif eða óbein umhverfisáhrif.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í hinum almennu áætlunum er kveðið á um afnám alls misréttis vegna ríkisfangs hvað varðar staðfestu og þjónustu-

Starfsemi milliliða í verslun, iðnaði og handverki heyrir undir tilskipanir 64/224/EBE og 68/363/EBE. Starfsemi milliliða með eiturefni og lifandi smitefni heyrir ekki undir geldissvið þessara tilskipana. Þessari tilskipun er einnig æt-

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 36/62.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 32/62.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. 56, 4. 4. 1964, bls. 863/64.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB nr. 56, 4. 4. 1964, bls. 869/64.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB nr. L 260, 22. 10. 1968, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. EB nr. C 63, 28. 5. 1969, bls. 21.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. EB nr. C 10, 27. 1. 1970, bls. 23.

<sup>(8)</sup> Stjútíð. EB nr. 22, 9. 2. 1965, bls. 369/65.

<sup>(9)</sup> Stjútíð. EB nr. 144, 5. 8. 1966, bls. 2658/66.

að að afnema höft á starfsemi milliliða. Þar af leiðandi nær hugtakið „verslun og dreifing“ í þessari tilskipun einnig til starfsemi milliliða á þessum sviðum.

Hin almenna áætlun um afnám hafta á staðfesturétti kveður á um að höft á réttinn til að ganga í fag- eða stéttarfélög skuli afnumin þegar atvinnustarfsemi hlutaðeigandi einstaklings felur óhjákvæmilega í sér að hann fái notið slíks réttar.

Staða launaðra starfsmanna í fylgd þess er rekur þjónustustarfsemi eða sem koma fram fyrir hans hönd ræðst af ákvæðum sem sett eru samkvæmt 48. og 49. gr. sáttmálans.

Sérstakar tilskipanir hafa verið eða verða samþykktar um alla starfsemi þeirra er starfa sjálfstætt, með ákvæðum um ráðstafanir vegna flutninga og búsetu rétthafa, og þar sem nauðsyn krefur, einnig tilskipanir um samræmingu öryggisráðstafana sem aðildarríkin krefjast af félögum og fyrirtækjum til að gæta hagsmuna aðila og annarra.

Í sumum aðildarríkjum eru reglur um aðgang að starfsemi á sviði verslunar, dreifingar og notkunar á eiturefnum í atvinnuskyni, en önnur ríki setja slíkar reglur eftir því sem nauðsyn ber til. Af þessum sökum hefur sérstök tilskipun að geyma ákvæði um sérstakar bráðabirgðaráðstafanir sem eiga að auðvelda ríkisborgurum annarra aðildarríkja starfsemi á sviði verslunar með eiturefni.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Aðildarríkjunum ber að afnema höft sem hafa verið sett á einstaklinga og félög eða fyrirtæki (hér eftir nefnd „rétthafar“) sem fjallað er um í I. bálki hinna almennu áætlana um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu, hér er átt við þau höft sem um getur í III. bálki hinna almennu áætlana er varða réttinn til að hefja og stunda þá starfsemi sem um getur í 2. gr.

##### 2. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði verslunar og dreifingar með eiturefni (efni og efnagerðir) og lífræn varnarefni til notkunar í landbúnaði sem falla ekki undir 1. mgr. 2. gr. tilskipun-

ar 64/223/EBE, fimmta undirlið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 64/224/EBE og 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 68/363/EBE.

2. Efnin sem um getur í 1. mgr. heyra, samkvæmt lögum aðildarríkjanna, undir önnur ákvæði vegna þess hve hættuleg þau geta verið heilbrigði manna, dýra og plantna (hlutaðeigandi efni eru skráð í viðaukanum). Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um sérhverja þá breytingu á þessum skráum sem aðildarríki gerir og skal hún koma því á framfæri við hin aðildarríkin.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um verslun og dreifingu á lyfjavörum eins og kveðið er á um í tilskipun 65/65/EBE, né heldur um verslunarviðskipti farandkaupmanna, götusala eða farandsala.

##### 3. gr.

1. Afnema skal höft sem snerta starfsemi þá sem getið er um í 2. gr. óháð starfsheiti þeirra einstaklinga sem hana stunda.

2. Þau starfsheiti sem notuð eru um þessar mundir í aðildarríkjunum til að auðkenna einstaklinga sem stunda starfsemi sem milliliðir í verslunarviðskiptum koma fram í 3. gr. tilskipunar ráðsins 64/224/EBE.

##### 4. gr.

1. Aðildarríkin skulu einkum afnema eftirtalin höft:

- a) þau sem koma í veg fyrir að rétthafar öðlist staðfestu eða geti veitt þjónustu í gistiríkjum með sömu skilmálum og réttindum og innlendir ríkisborgarar;
- b) þau sem tíðkast vegna stjórnsýsluvenju og leiða af sér mismunun rétthafa borið saman við innlenda ríkisborgara.

2. Einkum skal afnema þau höft sem koma í veg fyrir eða takmarka staðfestu eða þjónustustarfsemi rétthafa með eftirtöldum hætti:

a) í Belgíu:

— þá kvöð að bera *carte professionnelle* (1. gr., laga frá 19. febrúar 1965);

b) í *Frakklandi*:

- þá kvöð að bera *carte d'identité d'étranger commerçant* (*Décret-loi* frá 12. nóvember 1938, *Décret* frá 2. febrúar 1939, lög frá 8. október 1940, lög frá 10. apríl 1954, *Décret* nr. 59–852 frá 9. júlí 1959);
- útilokun frá rétti til að endurnýja verslunarleyfi (38. gr. *Décret* frá 30. september 1953);

c) í *Lúxemborg*:

- hinn takmarkaða gildistíma leyfa sem veitt eru erlend-um ríkisborgurum (21. gr. laga frá 2. júní 1962).

## 5. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að tryggja að réttshafar njóti þess réttar að fá að ganga í fag- og stéttarfélög með sömu skilmálum, réttindum og skyldum eins og þeirra eigin ríkisborgarar.

2. Í réttinum til ganga í fag- eða stéttarfélög skal felast kjörgengi til æðstu embætta í slíkum samtökum þegar hann tengist staðfesturéttinum. Hins vegar er hægt að binda slíkar stöður við ríkisborgararétt þegar í hlut eiga samtök sem geta hlutast til um opinber málefni samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða.

3. Í Stórhertogadæminu Lúxemborg veitir aðild að *Chambre de commerce* eða *Chambre de métier* réttihöfum ekki sjálfkrafa heimild til að taka þátt í kosningum til stjórna í þessum ráðum.

## 6. gr.

Ekkert aðildarríki skal veita ríkisborgurum sínum sem fara til annars aðildarríkis til að stunda þá starfsemi sem um getur í 2. gr. neina þá aðstoð sem haft gæti í för með sér röskun hvað varðar skilyrði til staðfestu.

## 7. gr.

1. Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að takast á hendur einhverja þá starfsemi sem um getur í 2., að þeir leggi fram meðmæli og sönnun þess að þeir hafi ekki orðið gjaldþrota, eða geti vottað hvoru- tveggja, þá ber því ríki að taka „sakavottorð“ sem gildan vitnisburð þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildar- ríkja, eða jafngilt skjal sem gefið er út af þar til bæru yfir- valdi á sviði dómgæslu eða stjórnslu í upprunalandi hins erlenda ríkisborgara eða í landi því sem hann kemur frá er sýnir að skilyrðum sé fullnægt.

2. Fari gistiríkið fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að takast á hendur einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. gr. að þeir fullnægi settum skilyrðum um óflekkað mannorð, en ekki er hægt að færa sönnun á að slíkum skilyrðum sé fullnægt með skjalinu sem um getur í 1. mgr., þá ber því ríki að taka gilt sem næga sönnun, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, vottorð sem gefið er út af þar til bæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnslu í upprunarríkinu eða ríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá. Í slíku vottorði eiga að koma fram þær upplýsingar sem gistiríkið telur að skipti máli.

3. Ef upprunaríkið eða ríkið sem hinn erlendi ríkisborg- ari kemur frá gefur ekki út skjalið sem um getur í 1. mgr. eða vottorðið sem um getur í 2. mgr., þ.e. meðmæli eða staðfestingu á að viðkomandi hafi ekki verið lýstur gjald- þrota, getur eiðsvarin yfirlýsing komið í staðinn — eða, í ríkjum þar sem þær eru ekki fyrir hendi, drengskaparheit — sem hlutaðeigandi gefur frammi fyrir þar til bæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnslu eða, eftir því sem við á, lögbókanda í því ríki sem einstaklingurinn kemur frá. Slíkt yfirvald eða lögbókandi skal gefa út vottorð sem staðfest- ir áreiðanleika yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitisins. Einnig má gefa yfirlýsingu um að viðkomandi hafi ekki orðið gjaldþrota frammi fyrir þar til bæru fagfélagi eða -samtökum í umræddu ríki.

4. Skjöl sem gefin eru út samkvæmt 1. eða 2. mgr. gilda ekki lengur en í þrjá mánuði frá útgáfudegi.

5. Aðildarríkjunum ber, innan þeirra takmarkana sem mælt er fyrir um í 8. gr., að tilnefna lögbær yfirvöld og stofnanir sem gefa skuli út þau skjöl sem um getur í 1. og 2. mgr. og tilkynna það öðrum aðildarríkjum og framkvæmda- stjórninni þegar í stað.

6. Í gistiríki þar sem krafist er vottorðs er sýni fjárhags- stöðu hlutaðeigandi aðila skal vottorð sem gefið er út af bankastofnunum í upprunalandinu eða í landinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá jafngild vottorðum sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.

## 8. gr.

Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fara að tilskipun þessari innan sex mánaða frá birt- ingu hennar.

## 9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 4. júní 1974.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. ERTL

*forseti.*

## VIDAUKI

**Eftirtaldir flokkar efna sem getið er í 2. mgr. 2. gr. lúta sérstökum skilmálum í aðildarríkjunum (frá 4. júní 1974 að telja):**— *Belgía:*

Eiturefni og efnagerðir

1. sem skráð eru í arrêté du Régent frá 6. febrúar 1946 (ásamt breytingum) sem hefur eftirlit með geymslu og framboði á skaðvænlegum og eitruðum varningi (til framkvæmdar á lögum frá 24. febrúar 1921);
2. sem heyra undir flokka 1 og 2 í arrêté royal frá 31. maí 1958 sem hefur eftirlit með geymslu, verslun og notkun varnarefna og jurtalyfja.

— *Danmörk:*

1. a) Skaðvænleg eða eitruð efni og hættuleg efni sem getið er í viðauka við lög nr. 119 frá 3. maí 1961 og í úrskurði (bekendtgørelse) nr. 305 frá 9. október 1961 (gerður vegna framkvæmdar laganna) sem setja reglur um framleiðslu, móttöku, geymslu og förgun þessara eiturefna;  
b) Skaðvænleg eða eitruð efni og hættuleg efni sem getið er í úrskurði (bekendtgørelse) nr. 304 frá 9. október 1961 sem setur reglur um notkun þessara eiturefna.
2. Efni (plöntulyf, illgresisefni, varnarefni, stýriefni) sem fjallað er um í lögum nr. 118 frá 3. maí 1961 og getið er í úrskurðum (bekendtgørelser), til beiðingar þessum lögum, sem mæla svo fyrir að ekki megi setja þessi efni á markað eða versla með þau nema eiturefnanevndin (giftnevnet) hafi samþykkt þau, flokkað og sett ítarlegar reglur um móttöku þeirra, geymslu, þökkun, merkingar o.s.frv.
3. Efni (plöntulyf, illgresisefni, varnarefni, stýriefni) sem getið er í úrskurði (bekendtgørelse) frá 25. september 1961 sem mælir svo fyrir að til þess að nota efni sem merkt eru með 'X' þurfi notandi að hafa sótt námskeið í eiturefnafræðum sem eiturefnanevndin (giftnevnet) skipuleggur.

— *Þýskaland:*

Eiturefni og efnasambönd sem heyra undir flokka 1, 2 og 3 í lögum og reglugerðum Länder er varða verslun og dreifingu á plöntueiturefnum og efnasamböndum sem geta eitruð plöntur, og í 5. ugr. 34. mgr. í atvinnulögum (Gewerbeordnung), útgáfa frá 15. febrúar 1963.

— *Frakkland:*

1. Eiturefni sem eru skráð í töflum A (eiturefni) og C (hættuleg efni) í I. þætti Décret 56–1197 frá 26. nóvember 1956 (Code de la Santé publique, greinar R 5149–5168, I. og II. þáttur, 1. kafli, III. bálkur, 2. hluti, V. hefti).
2. Skaðvænleg efni til notkunar í iðnaði tilgreind í Code du travail, 67., 2., 78., 79. og 80. gr. II. bálkur, II. hefti og í reglugerðum og úrskurðum sem gefin eru út samkvæmt þessum ákvæðum.
3. Hættuleg efni tilgreind í skrá yfir hættuleg, óheilsusamleg og óviðunandi starfssvæði sem samin var í samræmi við 5. og 7. gr. laga frá 19. desember 1917.
4. Sníklaeyðandi efni til notkunar í landbúnaði (lög frá 2. nóvember 1943 með breytingum laga frá 30. júlí 1963; arrêté frá 6. september 1954 um viðurkenningu á merktum sníklaeyðandi efnum til notkunar í landbúnaði, með viðbótum á arrêté frá 6. febrúar 1962).

— *Írland:*

Eitur er skráð í reglugerðum undir lögum um eiturefni frá 1961, og er sala þess bundin við ákveðna einstaklinga sem hafa til þess leyfi.

— *Ítalía:*

1. Eiturgufur (58. gr. — einstakir textar laga um almannaoýggi sem samþykkt voru með konungsráðgjafi nr. 773 frá 18. júní 1931; konungsráðgjafi nr. 147 frá 9. janúar 1927; töflur yfir eiturgufur í viðaukum við ráðherraúrskurð frá 6. febrúar 1935 og síðari breytingar við hann).

2. Eiturefni til notkunar í iðnaði (147.gr — einstakir textar heilbrigðisлага sem samþykkt voru í konungsráskurði nr. 1265 frá 27. júlí 1934).
3. Lyflækninga- og skurðlækningalyf (bakteríueyðar, örverueyðar og sóthreinsandi efni) (konungsráskurður nr. 3112 frá 6. desember og framkvæmdarreglugerðir laga nr. 1070 frá 23. júní 1927, sem samþykkt voru í konungsráskurði nr. 3112 frá 6. desember 1928) og lyf (plöntulyf og efni sem ætluð eru sem rotvarnarefni) (6. gr. laga nr. 283 frá 30. apríl 1962, breytt með 4. gr. laga nr. 441 frá 26. febrúar 1963, og reglugerðir um framleiðslu, verslun með og sölu á plöntulyfjum og efnum sem ætluð eru til notkunar sem rotvarnarefni og samþykkt eru í úrskurði forseta Lýðveldisins nr. 1095 frá 3. ágúst 1968).
4. Serúse (lög nr. 706 frá 19. júlí 1961).
5. Bensól (lög nr. 245 frá 5. mars 1963).
6. Snyrtivörur og litarefni sem innihalda eitruð efni (7. gr. konungsráskurðar nr. 1938 frá 30. október 1924).

— *Lúxemborg:*

1. Verslun með og dreifing á ákveðnum vörum (lög frá 25. september 1953 — greinargerð nr. 62 frá 10. október 1953).
2. Verslun með og notkun á plöntulyfjum (varnarefni til notkunar í landbúnaði, stýriefni, rotvarnarefni, illgresiseyðar, örverur og veirur sem notaðar eru sem sníklaeyðar...) (lög frá 20. febrúar 1968, greinargerð nr. 9 frá 12. mars 1968 — stórhertogareglugerð frá 29. maí 1970, greinargerð nr. 33 frá 15. júní 1970).

— *Holland:*

Eiturefni og efnagerðir, lög (Bestrijdingsmiddelenwet frá 1962).

— *Breska konungsríkið:*

1. Eitur sem er nú á skrá um eiturefni og heyrir undir lög um lyf og eitur frá 1933 og reglur um eitur, eða eitur sem er á skrá yfir eiturefni er heyra undir lög um lyf og eitur (Norður-Írland) 1925 til 1967 og undir eitureglugerðina (Norður-Írland).
2. Efni sem heyra undir lög og reglugerðir um efnanotkun í landbúnaði og garðyrkju frá 1967.
3. Efni sem heyra undir landbúnaðarlögin og reglugerðir (eitruð efni) frá 1952.